

AUGLÝSING

um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2012.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur ákveðið, að tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga, að til að hljóta fullar beingreiðslur árið 2012 skuli fjöldi vetrarfóðraðra kinda vera að lágmarki 0,6 á hvert ærgildi greiðslumarks á lögbýli. Ákvörðun þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2012 og skal miða talningu á fjölda sauðfjár við sannreynda talningu búfjárefirlitsmanns sem framkvæma skal fyrir 15. apríl 2012.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 3. mgr. 39. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 23. september 2011.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.